

Nd. 531. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Þegar lánakjör og lánveitingar eru ákveðnar, skal það gert af stjórn veðdeildarinnar, skipaðri á sama hátt og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. bankaráði Búnaðarbanka Íslands auk fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvilandi lánnum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvóddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115, 7. nóvember 1941, tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115, 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands), um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur borið á vaxandi erfiðleikum hjá mörgum bændum vegna söfnunar lausaskulda og erfiðrar greiðslustöðu. Yfirleitt er hér um að ræða bændur sem nýlega hafa staðið í framkvæmdum eða hafa nýlega byrjað búskap.

Ástæðurnar eru e. t. v. að öðru leyti einkum þær, að lánakjör hafa verið til muna óhagstæðari hin síðari ár en áður var og fjármagnskostnaður hefur ekki að fullu fengist viðurkenndur við verðlagningu búvara. Einnig má benda á það, að í hinni öru verðbólgu síðustu ára hafa tekjur bænda rýrnað verulega vegna seinlegrar útborgunar.

Árið 1977 ákvað Stéttarsamband bænda að kanna hve margir bændur óskuðu eftir aðstoð við að breyta lausaskuldum sínum í föst lán.

Alls bárust Stéttarsambandinu umsóknir frá 406 bændum.

Taflan sem hér fer á eftir sýnir fjölda umsókna eftir kjördæmum, heildarskuldir umsækjenda, skuldir að meðaltali, hvað af þeim eru lausaskuldir og hvað

lausaskuldir séu að meðaltali. Taflan er miðuð við fjárhagsstöðu umsækjenda um áramótin 1977—1978.

Kjördæmi:	Fjöldi umsækjenda:	Heildar- skuld þús. kr.:	Meðaltal þús. kr.:	Þar af lausaskuldir þús. kr.:	Meðaltal þús. kr.:
Vesturland	79	363 800	4 605	171 475	2 183
Vestfirðir	27	136 100	5 040	78 465	2 906
Norðurland vestra	47	305 570	6 501	165 193	3 514
Norðurland eystra	93	776 542	8 350	418 496	4 500
Austurland	55	253 580	4 611	158 598	2 884
Suðurland	105	528 968	5 038	216 674	2 064
	406	2 364 660	5 824	1 209 901	2 980

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir aðgerðum til að hægt verði að breyta hluta af lausaskuldum bænda í föst lán.

Í samræmi við þessa ákvörðun skipaði landbúnaðarráðherra í nóvember s.l., starfshóp til að gera tillögur í þessu efni.

Í starfshópinn voru skipaðir:

Stefán Valgeirsson, alþingismaður, formaður,

Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur,

Árni Jónasson, erindreki.

Starfshópurinn fékk í hendur þau gögn sem Stéttarsambandinu höfðu borist og að framan getur.

Umsóknirnar voru flokkaðar og þeir teknir út úr, sem talið var að ekki þyrftu á skuldabreytingu að halda, en þeir voru 113 talsins. Eftir það voru umsóknirnar flokkaðar í þrjá flokka. Tekið var tillit til bústærðar, nettótekna og fjárhagsstöðu. 16 umsóknir voru lagðar til hliðar, þar sem upplýsingar vantaði og ekki var ljóst hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem sett höfðu verið. Starfshópurinn telur að endurmeta þurfi þessa flokkun að einhverju leyti ef til skuldabreytingar kemur, en hún gefur þó nokkra bendingu um, hvernig ástæður þessara bænda eru og hvernig vandamálið er vaxið.

Tala umsókna:	Lausaskuldir samt.:	Að meðaltali:
94	133 043 þús. kr.	1 584 þús. kr.
124	339 251 —	2 736 —
118	701 935 —	5 984 —
326	1 174 229 þús. kr.	3 602 þús. kr.

Þá eru þeir sem biða úrskurðar:

16	196 320 þús. kr.	12 270 þús. kr.
----	------------------	-----------------

Skipting lausaskulda eftir fyrirtækjum og bönkum:

1. Kaupfélög	kr.	582 918 þús.
2. Búnaðarbanki	—	174 409 —
3. Landsbanki	—	84 969 —
4. Samvinnubanki	—	30 068 —
5. Útvegsbanki	—	22 854 —
6. Iðnaðarbanki	—	4 858 —
7. Verslunarbanki	—	528 —
8. Sparisjóðir	—	124 998 —
9. Óstaðsettir víxlar	—	17 872 —
10. Einstaklingar og önnur fyrirtæki	—	228 508 —

Samtals kr. 1 272 082 þús.

Eftir að starfshópurinn tók til starfa og framanskráðir útreikningar voru gerðir hafa 49 umsóknir bæst við og líklegt er að þeim eigi enn eftir að fjölga.

Breytingar sem kunna að hafa orðið á fjárhagsstöðu umsækjenda á s.l. ári liggja ekki fyrir, en verða athugaðar þegar framtöl þessa árs liggja fyrir.

Starfshópurinn hefur kynnt sér stöðu þeirra bænda sem fengu aðstoð við að þreyta lausaskuldum í föst lán samkvæmt lögum frá 25. apríl 1969. Virðast þeir hafa komist út úr fjárhagsvanda sínum og aðeins fáir þeirra sækja um aðstoð nú.

Bendir það til þess að síðasta skuldabreyting hafi náð þeim tilgangi sem að var stefnt og gefur vonir um, að samskonar aðgerðir muni nú geta leyst fjárhagsvanda þeirra bænda, sem verst eru settir, ef svipuð lausn finnst og þá var við höfð.

Þessi mál eru þó að mörgu leyti erfiðari viðfangs nú en þau voru fyrir 8 til 10 árum.

Söluerfiðleikar á búvöru hafa leitt til þess að í sjónmáli eru ráðstafanir til að draga úr framleiðslu á landbúnaðarvörum. Hætt er við að slíkar ráðstafanir komi mjög illa við þá, sem skulda mikið, og gerir það enn brýnna að breyta sem allra mestu af lausaskuldum þeirra í föst lán.

Á grundvelli þeirra athugana sem að framan getur hefur starfshópurinn samið frumvarp það til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, sem hér er flutt.

Hópurinn mun áfram vinna að athugunum á aðstæðum umsækjenda og gera tillögur um nánari reglur um mat umsókna eftir mismunandi þörfum og skilyrðum þess að skuldabreytingin komi að notum. Þar á meðal ráðstöfun þess fjár sem fást kann til úrlausnar þessa vanda umfram skuldabreytinguna með bankavaxtabréfum sbr. 200 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í þessu skyni á lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði heimilað að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Verði bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán.

Það er álit starfshópsins að skuldabreytingin nái því aðeins tilgangi sínum, að bankavaxtabréfin verði með þeim kjörum, að lánastofnanir verði ekki tregar til að innleysa þau til sín.

Frumvarpið var sent Búnaðarþingi því sem nú er nýlokið til umsagnar og mælti það einróma með samþykkt þess.

Vonir standa til að hægt verði að breyta a. m. k. 6—700 millj. króna af lausaskuldum bænda í föst lán. Gert er ráð fyrir að lánin verði með fullri verðtryggingu en lágum vöxtum eftir nánara samkomulagi við Seðlabanka Íslands.

Vonast er til að bréf þessi verði vel seljanleg, ekki síst ef slíkt lánakerfi verður innleitt almennt hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um heimild til handa Veðdeild Búnaðarbanka Íslands til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Skulu bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda.

Um 2. gr.

Gert ráð fyrir að stjórn Veðdeildar Búnaðarbankans ákveði lánakjör að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra. Til þess að bréfin seljist er ljóst að lánakjör verða að vera í samræmi við þau kjör, sem ákveðin eru fyrir fjárfestingarlán almennt.

Lagt er til, að þegar lánakjör og lánveitingar eru ákveðnar verði stjórn Veðdeildar skipuð á sama hátt og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. banka-

ráði Búnaðarbanka Íslands, ásamt einum fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda og einum frá Búnaðarfélagi Íslands. Er í þessu efni farið að tillögu síðasta Búnaðarþings.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þau ákvæði laga nr. 115, 7. nóvember 1941 sem vitnað er til fjalla um að aldrei megi vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðs Veðdeildarinnar.

Lagt er til að þessi ákvæði laga um Búnaðarbanka Íslands nái ekki til bankavaxtabréfa sem kunna að verða gefin út samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa ef samþykkt verður.

Um 6.—8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.